

**Ed.**

**487. Nefndarálit**

[50. mál]

um frv. til laga um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það á allmögum fundum sínum.

Frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins var einnig flutt á 88. löggjafarþingi (1967—1968), en er nú litið eitt breytt frá því, sem þá var. — Málið náði ekki fram að ganga, og var því þá með rökstuddri dagskrá vísað til ríkistjórnarinnar, með ósk um að láta fara fram á frumvarpinu nánari athugun sérfróðra manna og aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og leggja endurskoðað frumvarp fyrir Alþingi á ný.

Svo sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, fól ríkisstjórnin Þórði Eyjólfssyni fyrrv. hæstaréttardómara að endurskoða umrætt frumvarp, en auk þess æskti hæstv. samgöngumálaráðherra umsagnar um málið frá þeim Guðmundi H. Oddssyni, forseta Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Jóni Sigurðssyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og Sverri Júlíussyni, formanni Landssambands ísl. útvegsmanna. — Skiluðu þessir aðilar sameiginlegu álti um málið, sem er fylgiskjal með frumvarpinu.

Sjávarútvegsnefnd sendi frumvarpið einnig til umsagnar ýmissa aðila, sem hér eiga hagsmuna að gæta, og fékk auk þess til viðræðna um málið á fundi sína þá Þórð Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómara, er samdi frumvarpið, Ingimar Einarsson lögræðing, fulltrúa Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Hjálmar Bárðarson skipaskoðunarstjóra og nefnd manna frá Verkfræðingafélagi Íslands.

Í sumum af þeim umsögnum um málið, sem nefndinni bárust, var um allmikla gagnrýni að ræða. Kom þar fram m. a., að með frumvarpi þessu væri verið að fera út og auka starfsemi og starfssvið Skipaskoðunar ríkisins og Skipaskráningarstofu ríkisins frá því, sem nú ætti sér stað, en það mundi hafa í för með sér stóraukið starfslið og aukin útgjöld. Þá kom einnig fram í umræddum umsögnum, að hið nýja nafn stofnunarinnar væri of viðtækt og næði yfir meira starfssvið en hlutverk Skipaskoðunar ríkisins ætti raunverulega að vera. Loks er þess að geta, að fram komu staðhæsingar um það, að einstakir starfsmenn Skipaskoðunar ríkisins hefðu með höndum störf varðandi teikningar skipa o. fl., sem ekki samrýmdust sýslunarstörfum þeirra.

Með hliðsjón af því, sem fram hefur komið við athugun nefndarinnar á máli þessu, hefur hún orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum, sem nefndin hefur leyft sér að flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. apríl 1970.

Jón Árnason,  
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,  
fundaskr.

Gils Guðmundsson.

Bjarni Guðbjörnsson.

Axel Jónsson.

Ólafur Jóhannesson.

Sveinn Guðmundsson.